

Ár 2008, fimmtudaginn 25. september, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála**

**I.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáði barst bréf frá forstöðumanni úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, dagsett 8. maí 2008, þar sem hann óskaði eftir að launakjör hans yrðu endurskoðuð með tilliti til breyttra aðstæðna. Með bréfinu fylgdi yfirlit um málafjölda hjá nefndinni frá árinu 2005. Hinn 6. desember 2005 hefði kjaranefnd ákveðið laun hans og hefðu þau þá tekið mið af heildarlaunum héraðsdómara. Hann hafi ástæðu til að ætla að kjör hans hafi ekki fylgt breytingum á heildarlaunum héraðsdómara. Málum hjá nefndinni hafi fjölgað verulega frá árinu 2005 og hafi starfsmönnum (lögfræðingum) því verið fjölgað. Þá geti einstök úrlausnarefni verið mjög flókin og umfangsmikil og kalli á mikla sérhæfingu. Eigi það t.d. við í málum er varða framkvæmdir sem farið hafa í mat á umhverfisáhrifum. Forstöðumaðurinn óskaði eftir að endurskoðun launa miðist við 1. maí 2008.

Með bréfum dagsettum 16. maí 2008 var umhverfisráðuneyti og fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 29. maí 2008. Í svari umhverfisráðuneytisins dagsettu 24. júní 2008 er tekið undir sjónarmið forstöðumannsins og telur ráðuneytið eðlilegt að kjör hans fylgi launakjörum héraðsdómara eins og miðað var við í upphafi við ráðningu hans. Einnig er staðfest það sem fram kemur í bréfi forstöðumannsins að ný verkefni vegna mats á umhverfisáhrifum kalli á meira vinnuálag og telur ráðuneytið eðlilegt að tekið sé tillit til þess, a.m.k. tímabundið.

**II.**

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála starfar samkvæmt 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 74/2005. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laganna skipar umhverfisráðherra fimm menn í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera forstöðumaður nefndarinnar og jafnframt formaður hennar. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara og hafa starfið að aðalstarfi. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laganna hefur forstöðumaður úrskurðarnefndarinnar yfirstjórn hennar með höndum, ber á henni ábyrgð og fer með fyrirsvar hennar út á við. Þá ræður hann annað starfsfólk nefndarinnar.

**III.**

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana

kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laga um kjararáð segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafi verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeim sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstöðumanns úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál, en kjaranefnd ákvað honum laun 6. desember 2005 og hafði þá hliðsjón af heildarlaunum héraðsdómara. Frá þeim tíma hafa laun forstöðumannsins tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og kjararáðs. Laun héraðsdómara hafa tekið breytingum í samræmi við ákvarðanir Kjaradóms og síðar kjararáðs. Við ákvörðun launakjara forstöðumannsins nú var höfð hliðsjón af launum héraðsdómara eins og áður.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstöðumannsins skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. maí 2008 skulu mánaðarlaun forstöðumanns úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, nú krónur 638.033. Að auki skal greiða honum 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 6.171 króna. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumannsins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Guðrún Zoëga

---

Jakob R. Möller

---

Jónas Þór Guðmundsson